



UMSÝSLUGJALD

vegna hluta sem standa utan sérstakra geymslusvæða í Langanesbyggð sbr. 1. gr.

1. gr.

Allir sem eru með gáma, báta, torgsöluhús, frístundahús í smíðum, sem ætlað er til flutnings, eða stór samkomutjöld skulu sækja sérstaklega um til skipulags- og umhverfisnefndar ef framangreindir lausafjármunir eiga að standa lengur en tvo mánuði utan þeirra svæða sem þeim er ætlað samkvæmt skipulagi, sbr. b. liður 2.6.1. gr. byggingarreglugerðar nr. 112/2012, sbr. 9. tl. 60. gr. laga um mannvirki nr. 160/2010. Með skipulögð svæði er átt við ef svæðið hefur verið deiliskipulagt í þeim tilgangi að vera gámasvæði. Umsóknnum skal skilað til skrifstofu á þar til gert eyðublað.

2. gr.

Umsýslugjald, skv. 1. gr. skal vera kr. 41.040. Gjaldið er til eins árs í senn og gildir frá þeim degi að sótt er um og gjaldið greitt fyrirfram.

3. gr.

Sé eiganda eða ábyrgðarmanni viðkomandi gáms eða annars lausafjármunar veitt leyfi eða viðkomandi hlutur staðsettur utan skipulags svæðis skal staðsetja hann þannig að almenningi stafi ekki hættu af, ekki sé hættu á að eldur geti borist frá þeim í aðliggjandi hús og gámar takmarki ekki fjölda bílastæða á lóðinni. Enn fremur skal þess gætt að aðgengi slökkviliðs að aðliggjandi húsum sé ekki torvelað sbr. 3. mgr. 2.6.1. gr. byggingarreglugerðar nr. 112/2012, sbr. 9. tl. 60. gr. laga um mannvirki nr. 160/2010.

4. gr.

Skipulags- og umhverfisnefnd er heimilt að láta fjarlægja þá lausafjármuni sem getið er í 1. gr. og eru án leyfis. Eiganda eða ábyrgðarmanni skal veittur eðlilegur frestur til að fjarlægja þá, þó aldrei lengri en einn mánuður, að öðrum kosti er það gert á kostnað eiganda eða ábyrgðarmanns. Sama á við að breyttu breytanda ef handhafi leyfis uppfyllir ekki kröfur umleyfi, sbr. 2.6.2. gr. reglugerðar nr. 112/2012, sbr. 9. tl. 60. gr. laga um mannvirki nr. 160/2010.

5. gr.

Fyrirtæki sem eru í gámaflutningum tilkynni skipulags- og umhverfisnefnd fjölda gáma sem ekki á að greiða fyrir vegna flutninga.

6. gr.

Þegar sótt er um leyfi á fjöleignarhúsalóð, skal liggja fyrir samþykki meðeigenda fyrir fjölda og staðsetningu á gámum. Ekki er hægt að staðsetja gáma við lóðarmörk nema með samþykki aðliggjandi lóðarhafa.



7. gr.

Reglur þessar eru settar með vísan til byggingarreglugerðar nr. 112/2012, með síðari breytingum, og 9. tl. 60. gr. laga um mannvirki nr. 160/2010, með síðari breytingum.

Samþykkt þessi tekur gildi frá og með 1. janúar 2025.

Samþykkt í sveitarstjórn 12. desember 2024.

Björn S. Lárusson, sveitarstjóri.